Ár 2019, föstudaginn 7. júní, var haldinn fundur í áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Fyrir var tekið mál nr. 5/2017:

LEX ehf. f.h. Ferðaskrifstofunnar Kynnisferða ehf.
gegn
Einkaleyfastofunni (ELS)
vegna
ákvörðunar hennar, dags. 24. mars 2017, um að synja umsókn um skráningu merkisins ICELAND ON YOUR OWN, sbr. umsókn nr. 2973/2014 og fella hana niður.

Kveðinn var upp svofelldur

úrskurður:

Með bréfi, dags. 23. maí 2017, skaut umboðsmaður áfrýjanda til áfrýjunarnefndar ákvörðun ELS frá 24. mars 2017 um að hafna umsókn um skráningu merkisins ICELAND ON YOUR OWN, sbr. umsókn nr. 2973/2014, og fella hana úr gildi.

Málavextir:

I.

Með umsókn nr. 2973/2014 frá 31. október 2014 var óskað eftir skráningu hér á landi á vörumerkinu ICELAND ON YOUR OWN (orðmerki). Óskað var eftir að merkið yrði skráð til að auðkenna eftirfarandi þjónustu í flokki 39: flutningar; pökkun og geymsla á vörum; ferðaþjónusta.

Með bréfi ELS til umboðsmanns áfrýjanda, dags. 10. febrúar 2015, var umboðsmanni áfrýjanda tilkynnt um að könnun ELS á skráningarhæfi merkisins leiddi til þess að merkinu væri synjað um skráningu að svo stöddu og að synjunin byggðist á 1. mgr. 13. gr. laga um vörumerki, nr. 45/1997 (vml.). Í bréfinu var vísað til þess að orðasambandið ICELAND ON YOUR OWN óskaðist skráð fyrir þjónustu í flokki 39. Orðasambandið mætti þýða sem *Ísland á eigin vegum* og væri það að mati ELS lýsandi og almennt fyrir þá þjónustu sem óskað væri skráningar fyrir. Það væri almenns

eðlis og ekki til þess fallið að gefa þjónustunni sérkenni í huga almennings. Skorti merkið því sérkenni og aðgreiningarhæfi samkvæmt framangreindu lagaákvæði.

Synjuninni var mótmælt í bréfi umboðsmanns áfrýjanda, dags. 10. júní 2015, þar sem fram kom að áfrýjandi teldi ótvírætt að merkið uppfyllti skilyrði 1. mgr. 13. gr. vml. Í fyrsta lagi var vísað til 2. mgr. 13. gr. vml. þar sem mælt væri fyrir um að þegar ákveða skyldi hvort merki hefði nægjanlegt sérkenni skyldi líta til allra aðstæðna og þó einkum til þess hversu lengi og að hversu miklu leyti merki hefði verið í notkun. Bent var á að áfrýjandi hefði um árabil notað merkið með umfangsmiklum hætti til auðkenningar á þjónustu sinni. Vörumerkið ICELAND ON YOUR OWN væri notað til aðgreiningar á skipulögðum áætlunarakstri sem áfrýjandi starfrækti eða hefði umsjón með. Undir þjónustuna féllu m.a. rútupassar sem fyrst og fremst væru markaðssettir fyrir erlenda ferðamenn sem sæktu Ísland heim. Þá væri vörumerkið notað yfir allar útgáfur af farþegaþjónustu í tengslum við áætlunarakstur sem áfrýjandi byði upp á auk þess sem það væri notað fyrir ferðaáætlanir sem gefnar væru út á ensku. Merkið hefði verið notað í ýmsu markaðsefni sem gefið væri út á ensku. Auk þess ætti áfrýjandi hið skráða orð- og myndmerki ICELAND ON YOUR OWN, sbr. skráning nr. 891/2011 og það merki hefði verið í mikilli notkun undanfarin ár. Sérkenni merkisins ICELAND ON YOUR OWN yrði að meta í ljósi umfangsmikillar notkunar sem hefði veitt því ótvírætt aðgreiningarhæfi. Lagði umboðsmaður áfrýjanda fram gögn til að sýna fram á notkun merkisins, s.s. afrit af forsíðum ferðaáætlana fyrir árin 2004–2014, afrit af auglýsingum sem birtust í tímaritinu Reykjavik Grapevine og umfjöllun í dagblöðum. Í öðru lagi taldi umboðsmaður áfrýjanda að færa mætti rök fyrir því að áfrýjandi ætti nú þegar vörumerkjarétt á ICELAND ON YOUR OWN á grundvelli notkunar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. vml. Samkvæmt 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. gæti vörumerki sem ekki teldist uppfylla skilyrði laganna um skráningu ekki öðlast vörumerkjarétt með notkun en skv. 2. málsl. sama ákvæðis gæti vörumerki, sem ekki teldist uppfylla skilyrði um sérkenni við upphaf notkunar, öðlast vörumerkjarétt ef merkið öðlaðist sérkenni við notkun. Áfrýjandi teldi ótvírætt að hefði merkið ICELAND ON YOUR OWN skort sérkenni í upphafi hefði það öðlast sérkenni með notkun og væri nú vel til þess fallið að greina þjónustu áfrýjanda frá þjónustu annarra. Yrði öðrum heimilað að nota umrætt merki til auðkenningar á sama vettvangi myndi skapast ótvíræð ruglingshætta og aðrir myndu afla sér ótilhlýðilegra viðskipta á kostnað áralangrar markaðssetningar áfrýjanda. Skráning á merkinu nú fæli því aðeins í sér staðfestingu á rétti sem þegar væri til staðar. Í þriðja lagi tók umboðsmaður áfrýjanda fram að jafnvel óháð allri notkun á merkinu fengi hann hvorki séð að merkið skorti

sérkenni né væri lýsandi, með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem byggju að baki 1. mgr. 13. gr. vml. Teldi hann vörumerkið til þess fallið að greina þá þjónustu sem því væri ætlað að auðkenna frá þjónustu annarra á sama vettvangi í hugum erlendra ferðamanna hér á landi. Um væri að ræða sérkennandi orðasamsetningu sem hefði fullt aðgreiningarhæfi. Þá fengi hann ekki heldur séð að skráning merkisins takmarkaði á nokkurn hátt möguleika annarra til að gera grein fyrir sinni þjónustu enda tæki skráning merkisins og vernd einungis til þessarar tilteknu samsetningar umræddra orða. Í fjórða lagi yrði að meta skráningarhæfi merkisins út frá reglum um skráningu slagorða eða vígorða sem vörumerkja. Sérstök sjónarmið giltu í því sambandi þar sem áhersla væri einkum lögð á eiginleika sem almennt prýddu góð slagorð, svo sem ákveðna hrynjandi, hnyttni o.fl. Slagorðið sem hér væri til umfjöllunar hefði slíka eiginleika til að bera. Tíndi umboðsmaðurinn til nokkur slagorð sem skráð væru sem vörumerki hér á landi máli sínu til stuðnings. Í fimmta lagi var bent á að orðið ICELAND kæmi fyrir í fjölda skráðra merkja hér á landi, þar af 21 í sama flokki og áfrýjandi sækti um skráningu í. Ekki fengist séð að merki áfrýjanda væri síður til þess fallið að greina þjónustu hans frá þjónustu annarra en mörg þeirra merkja. Loks var bent á að ekki væri sótt um einkarétt á að nota einstök orð orðasambandsins ICELAND ON YOUR OWN og því takmarkaði skráningin á engan hátt möguleika annarra sem störfuðu á sama vettvangi til að gera grein fyrir þjónustu sinni. Með vísan til þessa gerði áfrýjandi þá kröfu að merkið yrði skráð í samræmi við umsókn nr. 2973/2014.

Í bréfi ELS til umboðsmanns áfrýjanda, dags. 9. febrúar 2016, var vísað til þess grundvallarskilyrðis fyrir skráningu vörumerkis að það væri til þess fallið að greina vöru/þjónustu merkiseiganda frá vöru/þjónustu annarra, sbr. 1. mgr. 13. gr. vml. Merki sem eingöngu, eða aðeins með smávægilegum breytingum eða viðbótum, gæfu til kynna m.a. tegund vöru/þjónustu, uppruna eða eiginleika, væru ekki nægilega sérkennileg í skilningi ákvæðisins. Krafa þessi byggðist annars vegar á því að merki væri nothæft auðkenni, þ.e. til þess fallið að vera vörumerki, en hins vegar á því að almenn orð, tákn og setningar skyldu vera undanskilin einkarétti þar sem ekki væri talið réttmætt að einstakir aðilar gætu helgað sér almennar lýsingar á vöru eða þjónustu þar sem það takmarkaði rétt annarra til að gera grein fyrri vöru sinni eða þjónustu. Þá sagði orðrétt:

> Orðmerkið ICELAND ON YOUR OWN, sbr. umsókn nr. V0094624, óskast skráð fyrir eftirtalda þjónustu í flokki 39: *Flutningar; pökkun og geymsla á vörum; ferðaþjónusta.* Merking orðasambandsins á íslensku er kunn, en það má þýða sem *Ísland á eigin vegum.* Orðasambandið ICELAND ON YOUR OWN er að mati Einkaleyfastofunnar lýsandi og almennt fyrir umræddda þjónustu, en það gefur til kynna að þjónustan feli í sér að ferðamenn geti ferðast á eigin vegum um Ísland. Merkið skortir því

aðgreiningarhæfi og sérkenni, sbr. 13. gr. vml. og er ekki til þess fallið að greina þjónustu umsækjanda frá vörum og þjónustu annarra.

ELS vísaði til 2. mgr. 13. gr. vml. þar sem m.a. væri kveðið á um að líta ætti til allra aðstæðna við mat á því hvort merki hefði nægjanlegt sérkenni til að bera og þó einkum til þess hversu lengi og að hve miklu leyti merki hefði verið í notkun. Þá voru sjónarmið áfrýjanda um að merkið hefði áunnið sér sérkenni með notkun rakin og bent á að ekki kæmi fram í hve stóru upplagi ferðaáætlanir frá 2004–2014 hefðu verið prentaðar né hvar þeim hefði verið dreift og að af þeim sökum væri erfitt að meta umfang notkunar merkisins með tilliti til þeirra. Jafnframt gæfi umfjöllun um merkið í fjölmiðlum til kynna að það væri lýsandi fyrir þá þjónustu sem það óskaðist skráð fyrir. ELS taldi umfangsmikla notkun áfrýjanda á orð- og myndmerki sem hann ætti skráð, sbr. skrán. nr. 891/2011, ekki hafa þýðingu við mat á áunnu sérkenni hins umdeilda merkis. Að mati ELS hefði því ekki verið sýnt fram á að merkið hefði öðlast sérkenni með notkun, sbr. 2. mgr. 13. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. vml. Þá væri það mat ELS að þau merki sem umboðsmaður áfrýjanda vitnaði til í bréfi sínu í umfjöllun um slagorð sem vörumerki annars vegar og orðið ICELAND í vörumerkjum fyrir þjónustu í flokki 39 hins vegar væru ekki sambærileg því merki sem hér væri til umfjöllunar. Hefði það verið mat stofnunarinnar á umræddum tíma að heildarmynd þeirra, með hliðsjón af þeim vörum og þjónustu sem óskað hefði verið verndar fyrir, hefði fullnægt kröfunni um sérkenni og myndu ekki takmarka rétt annarra til að lýsa sinni vöru eða þjónustu. ELS kvaðst að lokum ekki fallast á skráningu merkisins ICELAND ON YOUR OWN (orðmerki).

Í bréfi umboðsmanns áfrýjanda til ELS, dags. 8. apríl 2016, var fullyrt að þvert á mat ELS uppfyllti orðasambandið ICELAND ON YOUR OWN öll skilyrði vörumerkjalaga til skráningar. Vísaði hann til fyrra bréfs og áréttaði að í fyrsta lagi væri ljóst, með hliðsjón af mikilli notkun áfrýjanda á orðasambandinu í ferðaþjónustu í yfir 10 ár, að merkið væri tækt til skráningar, sbr. 2. mgr. 13. gr. vml. Jafnframt hefði hann með hinni umfangsmiklu notkun sinni þegar öðlast vörumerkjarétt á merkinu ICELAND ON YOUR OWN á grundvelli notkunar skv. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. vml. Ferðaáætlanir frá árunum 2004–2014 hefðu verið prentaðar í 30–70 þúsund eintökum ár hvert og verið dreift um land allt á alla helstu ferðamannastaði. Ljóst væri að notkun áfrýjanda á orðasambandinu ICELAND ON YOUR OWN hefði verið mjög umfangsmikil allt frá árinu 2004. Í öðru lagi áréttaði umboðsmaðurinn að skráningarhæfi vörumerkisins yrði að meta út frá reglum um skráningu slagorða eða vígorða sem vörumerkja auk þess sem orðið ICELAND kæmi fyrir í

fjölda skráðra vörumerkja hér á landi, þar af í 21 tilviki í flokki 39 fyrir ferðaþjónustu. Afgreiðsla ELS á þessum röksemdum stæðist ekki skoðun þar sem í bréfi stofnunarinnar segði að tilgreind merki væru ekki sambærileg merki áfrýjanda og að mat ELS hefði verið að merkin hefðu uppfyllt kröfuna um sérkenni á tíma skráningar. Krafðist umboðsmaðurinn þess, með vísan í jafnræðisreglu og skyldu stjórnvalda til að rökstyðja ákvarðanir sínar, að stofnunin rökstyddi nánar hvers vegna talið væri að ICELAND ON YOUR OWN teldist ekki uppfylla skilyrði um sérkenni samanborið við tilvitnuð merki. Listaði umboðsmaðurinn þau 21 vörumerki sem fælu orðið ICELAND í sér og skráð væru fyrir ferðaþjónustu í flokki 39 og ítrekaði kröfu sína um að merkið ICELAND ON YOUR OWN yrði skráð í samræmi við umsókn.

Í bréfi ELS til umboðsmanns áfrýjanda, dags. 27. september 2016, kom fram að það væri enn mat stofnunarinnar að ekki hefði verið sýnt fram á að orðmerkið ICELAND ON YOUR OWN hefði öðlast sérkenni með notkun í skilningi 2. mgr. 13. gr. vml. Tekið var fram að jafnvel þótt sýnt hefði verið fram á að merkið ICELAND ON YOUR OWN hefði verið notað að einhverju leyti í kynningar- og markaðsefni áfrýjanda hefði ekki verið sýnt fram á að merkið hefði áunnið sér sérkenni í huga neytenda hér á landi í skilningi vörumerkjaréttar. Framlögð gögn sem innihéldu umfjöllun um merkið í fjölmiðlum gæfu til kynna að merkið væri lýsandi fyrir þá þjónustu sem það óskaðist skráð fyrir. Þá hefði notkun á skráðu orð- og myndmerki umsækjanda ekki þýðingu við mat á áunnu sérkenni merkisins en í mörgum þeirra ferðaáætlana sem lagðar hefðu verið fram birtist aðeins orð- og myndmerkið. Hvað varðaði sjónarmið um mat á skráningarhæfi merkisins út frá reglum um skráningu slagorða sem vörumerkja og vísan umboðsmanns áfrýjanda til fyrri skráninga tók ELS fram að stofnunin væri ekki bundin af fyrri skráningum sínum. Þau slagorð sem umboðsmaður áfrýjanda hefði vísað til fælu ýmist í sér sérkennandi orð eða hefðu á þeim tíma verið talin sérkennileg á öðrum grundvelli. Skráningarhæfi vörumerkja væri metið samkvæmt gildandi lögum og reglum og eftir aðstæðum að öðru leyti í hverju máli fyrir sig. Hvað varðaði skráð orðmerki sem fælu í sér orðið *Iceland* í flokki 39 tók ELS fram að sum þeirra væru orð- og myndmerki og önnur hefðu verið samþykkt vegna markaðsfestu á grundvelli framlagðra gagna, sbr. 2. mgr. 13. gr. vml. Þá væri orðið *Iceland* ekki aðalhluti allra tilvitnaðra merkja og áherslan kynni að liggja á öðrum orðhlutum. Mat ELS hefði verið að orðin sem stæðu með orðhlutanum *Iceland* og uppröðun þeirra og samsetning hefði verið með þeim hætti að heildarmyndir merkjanna, með hliðsjón af þeirri vöru eða þjónustu sem óskað hefði verið skráningar fyrir, hefði verið talin fullnægja kröfunni um sérkenni. Því væri það mat ELS að umrædd merki væru ekki

sambærileg merkinu ICELAND ON YOUR OWN. Með vísan til þessa væri það enn mat ELS að orðasambandið uppfyllti ekki skilyrði 2. mgr. 13. gr. vml. um áunnið sérkenni.

Í bréfi umboðsmanns áfrýjanda til ELS, dags. 25. nóvember 2016, var ítrekað að áfrýjandi teldi orðasambandið ICELAND ON YOUR OWN uppfylla öll skilyrði vörumerkjalaga til skráningar og var vísað til fyrri bréfa ásamt fylgiskjala sem og mikillar notkunar á merkinu í ferðaþjónustu undanfarinn áratug. Merkið væri því tækt til skráningar á grundvelli 2. mgr. 13. gr. vml. auk þess sem áfrýjandi hefði öðlast vörumerkjarétt á grundvelli notkunar skv. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. vml. Þá kom fram að áfrýjandi væri ósammála því mati ELS að ekki hefði verið sýnt fram á að merkið hefði áunnið sér sérkenni í hugum neytenda hér á landi í skilningi vörumerkjaréttar. Lagði umboðsmaðurinn fram gögn um það hvernig orðmerkið hefði verið notað í umfjöllun og af neytendum um þá þjónustu áfrýjanda sem gengi undir nafninu ICELAND ON YOUR OWN. Af dæmum væri ljóst að þjónustan og varan ICELAND ON YOUR OWN, og þá orðmerkið óháð orð- og myndmerkinu, væri vel þekkt í huga neytendahóps áfrýjanda enda hefði notkun merkisins verið mikil og langvarandi. Jafnframt væri það mat áfrýjanda að notkunin á orðmerkinu væri fjarri því að vera lýsandi heldur væri vísað til þessa ákveðna vörumerkis og væri það svo að við umfjöllun um ICELAND ON YOUR OWN þyrfti að bæta lýsingu til að útskýra við hvaða vöru væri átt. Þá byggði áfrýjandi á því, að jafnvel þótt ekki yrði fallist á að merkið hefði öðlast sérkenni fyrir notkun, þá uppfyllti það öll skilyrði vörumerkjalaga um skráningarhæfi. Vísaði umboðsmaður áfrýjanda í því skyni til dóms EB-dómstólsins í svonefndu DOUBLEMINT -máli[1] um að líta bæri til þess hvort orðmerki væri líklegt til að vera notað sem almenn lýsing á þeirri vöru sem sótt væri um skráningu fyrir, hvort orðasambandið væri venjubundin orðnotkun yfir ákveðinn eiginleika vöru eða þjónustu og loks að taka yrði mið af því hversu mikilvægir eiginleikarnir væru fyrir vöruna eða þjónustuna sem merkið ætti að auðkenna. Þá vísaði umboðsmaðurinn til úrskurða áfrýjunarnefndar í málum nr. 3/1990 (POWERWARE) og nr. 12/2004 (SILK ESSENTIAL) um að vísbendandi orð eða orðasambönd gætu verið skráningarhæf. Síðan sagði í bréfinu:

> Ef þessum sömu viðmiðum og nefnd eru hér að ofan er beitt á orðasambandið ICELAND ON YOUR OWN þá verður ekki séð að orðasambandið feli í sér almenna lýsingu á þeirri vöru sem sótt er um skráningu fyrir. Jafnvel þó orðin í sjálfu sér geti verið almenns eðlis, ef litið er til merkisins í heild sinni, þá verður ekki séð að merking þeirra feli í sér almenna lýsingu á þeirri vöru sem sótt er um skráningu merkisins fyrir. Einnig er því hafnað að þetta orðasamband sé hefðbundin orðnotkun til þess að lýsa eiginleikum vörunnar, en ekki verði séð að neytendur átti sig umsvifalaust á því til hvaða eiginleika sé verið að [vísa] [...] Að lokum hefur orðasambandið ICELAND ON YOUR OWN ekki að geyma lýsingu

[1] Mál C-191/01.

á eiginleikum sem [eru] mikilvægir fyrir þá vöru sem sótt er um skráningu fyrir og ber með sér enga hindrun fyrir aðra samkeppnisaðila til þess að kynna eigin vöru.

Þá kom fram að þrátt fyrir að orðmerkið gæti talist vera vísbendandi og að það gæti vakið upp hugsanatengsl um einhvers konar ferðir eða ferðalög væri merking þess ekki lýsandi fyrir neinar þær vörur sem sótt væri um skráningu fyrir. Þá væri ljóst, með hliðsjón af fordæmum EB-dómstólsins og úrskurðum áfrýjunarnefndar, að merkið gæti ekki talist lýsandi auk þess sem það hefði öðlast sérkenni með áralangri notkun. Loks ítrekaði umboðsmaðurinn þá kröfu að ELS endurskoðaði afstöðu sína til umsóknarinnar.

Í ákvörðun ELS, dags. 24. mars 2017, kom fram að enn væri það mat stofnunarinnar að framkomin gögn og rök leiddu ekki til þess að ákvörðun um höfnun á grundvelli 1. mgr. 13. vml. yrði endurskoðuð. Sjónarmið áfrýjanda voru tíunduð og ítrekað að orðasambandið ICELAND ON YOUR OWN hefði þekkta merkingu sem mætti þýða sem Ísland á eigin vegum. Að mati ELS væri orðasambandið lýsandi fyrir þá þjónustu sem það óskaðist skráð fyrir í flokki 39. Meðal þeirra sjónarmiða sem lægju að baki kröfu vörumerkjalaga um sérkenni væri að enginn skyldi fá einkarétt á orðum sem aðrir aðilar á viðkomandi sviði viðskipta hefðu þörf á að nota. Væri það mat stofnunarinnar að orðasambandið ICELAND ON YOUR OWN væri þess eðlis að einkaréttur eins aðila til þess yrði takmarkandi fyrir aðra aðila á sama viðskiptasviði. Varðandi það hvort orðasambandið teldist lýsandi benti stofnunin á að merkið óskaðist skráð fyrir eftirfarandi þjónustu í flokki 39: *flutningar; pökkun og geymsla á vörum; ferðaþjónusta*. Þá vísaði stofnunin til þess að væri farið eftir viðmiðum EB-dómstólsins í DOUBLEMINT-málinu væri það mat hennar að í fyrsta lagi væri unnt að nota orðasambandið ICELAND ON YOUR OWN sem almenna lýsingu á ferðaþjónustu, þ.e. þjónustu sem fæli í sér að neytendur gætu ferðast um Ísland á eigin vegum, í öðru lagi væri orðasambandið hefðbundin orðnotkun, þ.e. ekki um óvenjulega setningarfræðilega uppbyggingu að ræða, og í þriðja lagi lýsti orðasambandið mikilvægum eiginleikum þeirrar þjónustu sem því væri ætlað að auðkenna, þ.e. að gera neytendum unnt að ferðast um Ísland á eigin vegum. Þar með væri það mat stofnunarinnar að merkið væri ekki aðeins vísbendandi enda gæfi það skýrlega til kynna hvers konar þjónustu um væri að ræða. Því væri vísun umboðsmanns áfrýjanda til þeirra úrskurða áfrýjunarnefndar sem hann hefði tínt til ekki viðeigandi í þessu máli. Þá kom fram af hálfu ELS að einungis eitt fylgiskjala bréfs umboðsmanns áfrýjanda frá 27. nóvember 2016 væri dagsett fyrir umsóknardag, hin væru ýmist ódagsett eða dagsett eftir

umsóknardag. Með hliðsjón af þeim gögnum sem fylgt hefðu fyrri erindum í málinu væri það mat stofnunarinnar að ekki hefði verið sýnt fram á að mikill meirihluti markhóps merkisins gerði sér grein fyrir því að orðasambandið væri viðskiptalegt auðkenni einhvers aðila og að orðasambandið hefði áunnið sér sérkenni fyrir notkun, sbr. 2. mgr. 13. gr. vml. Með vísan til þessa yrði ekki fallist á skráningu merkisins ICELAND ON YOUR OWN heldur væri umsókn nr. 2973/2014 hafnað og hún felld úr gildi skv. 19. gr., sbr. 1. mgr. 13. gr., vml.

II.

Umboðsmaður áfrýjanda skaut ákvörðun ELS til áfrýjunarnefndar með bréfi, dags. 23. maí 2017, þar sem þess var krafist að ákvörðun ELS yrði hrundið og skráning orðmerkis áfrýjanda samþykkt sbr. umsókn nr. 2973/2014. Í bréfinu var málsatvikum svo lýst að áfrýjandi hefði notað vörumerkið ICELAND ON YOUR OWN við rekstur sinn óslitið allt frá árinu 2004 og allan þann tíma boðið upp á skipulagðar áætlunarferðir undir því merki eins og gögn sem lögð hefðu verið fram undir rekstri málsins hjá ELS sýndu. Þá hefði merkið verið kynnt á vefsíðum áfrýjanda síðan 2006 og verið sérstök undirsíða frá árinu 2008. Merkið hefði því verið notað í a.m.k. 10 ár haustið 2014 þegar umboðsmaður áfrýjanda hefði óskað eftir skráningu þess fyrir tiltekna þjónustu í flokki 39. Í febrúar 2015 hefði ELS synjað umsókninni að svo stöddu og byggt afstöðu sína á því að orðasambandið væri almenns eðlis og ekki til þess fallið að veita þjónustunni sérkenni í huga almennings og að merkið uppfyllti því ekki skilyrði 1. mgr. 13. gr. vml. um sérkenni og aðgreiningarhæfi. Umboðsmaðurinn hefði gert umfangsmiklar athugasemdir við afstöðu ELS en bréfaskipti aðila hefðu endað með ákvörðun ELS frá 24. mars 2017 um að synja skráningu merkisins og fella umsóknina úr gildi. Umboðsmaður áfrýjanda kvaðst byggja á því að vörumerkið ICELAND ON YOUR OWN uppfyllti skilyrði vörumerkjalaga fyrir skráningu og hefði orðasambandið til að bera nægjanlegt sérkenni og aðgreiningarhæfi. Afstaða ELS væri sú meðal annars að orðasambandið væri þess eðlis að væri einum aðila veittur einkaréttur til þess takmarkaði það möguleika annarra á sama viðskiptasviði. Þá var ákvæði 1. mgr. 13. gr. vml. rakið og fullyrt að merkið ICELAND ON YOUR OWN uppfyllti skilyrði þess, þ.e. að merkið væri til þess fallið að greina þjónustu áfrýjanda frá vörum og þjónustu annarra. Það eitt að merkið vekti upp hugsanatengsl um ferðir og ferðalög gerði merkið ekki lýsandi, heldur vísbendandi. Merkið gæfi ekki til kynna tegund umræddrar þjónustu, ástand hennar, magn, notkun, verð eða neitt annað sem

tekið væri fram í ákvæði 1. mgr. 13. gr. vml. Þá væri ekki um að ræða orðasamband sem gæti talist algengt í viðskiptum eða sem væri notað í daglegu máli. Mikilvægt væri að skilgreina það sem skildi á milli vörumerkis sem teldist lýsandi skv. 1. mgr. 13. gr. vml. og því ekki tækt til skráningar og merkis sem teldist vísbendandi og væri tækt til skráningar. Þá sagði orðrétt:

> Vísbendandi vörumerki, þ.e. merki sem gefa eitthvað í skyn en teljast þó ekki lýsandi, nýta orð eða orðasambönd sem eru skyld eiginleikum vörunnar sem merkinu er ætlað að auðkenna. Munurinn er því sá, að neytandinn þarf að einhverju leyti að nota eigið ímyndunarafl til þess að skilja hvaða vöru merkinu er ætlað að auðkenna, þ.e. vísbendandi merki kemur til skila, en lýsir ekki, einhverjum eiginleikum, magni eða einkennum vörunnar og þarf neytandinn þannig að beita eigin ímyndunarafli og skynjun til þess að álykta um hvers konar vöru er að ræða. Vísbendandi vörumerki hindra ekki samkeppnisaðila í því að koma eigin vörum eða þjónustu á framfæri.

Fram kom að byggt væri á því að vörumerkið ICELAND ON YOUR OWN væri eingöngu vísbendandi en lýsti ekki þjónustunni sem áfrýjandi byði upp á. Það vekti ákveðin hugsanatengsl um ferðir en neytandinn yrði sjálfur að nota eigið ímyndunarafl og skynjun til að draga þá ályktun að um ferðaþjónustu væri að ræða. Þá gæti merkið, með vísan til niðurstöðu Evrópudómstólsins í svokölluðu BABY-DRY-máli[2], ekki eingöngu talist lýsandi fyrir þær vörur og þjónustu sem óskað væri skráningar fyrir, þar sem umrætt orðasamband gæti verið nýtt í margskonar tilgangi. Orðasambandið væri heldur ekki lýsandi fyrir eiginleika vöru eða þjónustu miðað við almenna orðnotkun, sbr. niðurstöðu sama dómstóls í áðurnefndu DOUBLEMINT-máli. Áfrýjandi væri þannig alfarið ósammála heimfærslu ELS á DOUBLEMINT-viðmiðunum upp á hið umdeilda vörumerki. Orðasambandið ICELAND ON YOUR OWN gæti ekki talist lýsandi fyrir þá þjónustu sem boðið væri upp á líkt og ELS héldi fram. Jafnvel þótt orðin í merkinu gætu talist vera almenns eðlis yrði ekki séð að merkið í heild teldist fela í sér almenna lýsingu á þeirri þjónustu sem sótt væri um skráningu fyrir. Orðasambandið gæti enn fremur ekki talist hefðbundin orðnotkun til þess að lýsa ferðaþjónustu. Þó svo að það gæti verið talið vísbendandi og vakið upp ákveðin hugsanatengsl um ferðir og ferðalög gæti það hvorki talist hefðbundið né lýsandi. Þá væri því synjað að orðasambandið lýsti mikilvægum eiginleikum ferðaþjónustu enda hefði ferðaþjónustunni vaxið fiskur um hrygg án þess að þurfa að nýta sér umrætt orðasamband. Auk þess fæli hugtakið ferðaþjónusta í sér að ferðamenn þyrftu eða vildu ferðast þannig að þeir nýttu sér ferðaþjónustuna en væru ekki einir og óstuddir.

---

[2] Mál C-383/99.

Þessu næst tók umboðsmaðurinn fram að væri vörumerkið ICELAND ON YOUR OWN brotið niður yrði ljóst að ekkert orðanna væri lýsandi í flokki 39 fyrir ferðaþjónustu. Löng hefð væri fyrir skráningu vörumerkja sem innihéldu fyrsta orðið, ICELAND. Nefndi umboðsmaðurinn tíu dæmi um slík vörumerki og tók fram að merkin MOVED BY ICELAND, ICELAND IN SIGHT, ICELANDIC HORSE PARK FÁKASEL og ITT ICELAND TAYLOR MADE TOURS[3] gætu talist vísbendandi fyrir ferðaþjónustu líkt og merki áfrýjanda. Umboðsmaðurinn rakti næst önnur orð orðasambandsins og þýðingu þeirra á íslensku og tók fram að íslenska þýðing orðmerkisins ICELAND ON YOUR OWN væri *Ísland á þínum eigin*. Til að neytandi tengdi þetta ferðaþjónustu og þjónustu áfrýjanda þyrfti hann að beita eigin ímyndunarafli og skynjun. Merkið væri því vísbendandi fyrir þá þjónustu sem því væri ætlað að auðkenna. Niðurstaða ELS um að merkið þýddi *Ísland á eigin vegum* væri ekki möguleg nema að beittu ákveðnu ímyndunarafli og skynjun því ljóst væri samkvæmt framangreindu að það væri ekki bein þýðing orðasambandsins. Þá mælti 2. mgr. 13. gr. vml. fyrir um að þegar kveða skyldi á um hvort merki hefði nægjanlegt sérkenni skyldi líta til allra aðstæðna og þó einkum til þess hversu lengi og að hve miklu leyti merkið hefði verið í notkun. Fyrir hönd áfrýjanda hefði verið lagt fram mikið magn gagna sem sýndu fram á áralanga notkun merkisins. Fundið hefði verið að því af hálfu ELS að einhver gagnanna hefðu verið ódagsett og því fylgdu nú dagsett gögn sem sýndu fram á notkun merkisins. Væri því byggt á því, með vísan til framlagðra gagna, að merkið ICELAND ON YOUR OWN hefði verið bæði í langri og mikilli notkun á Íslandi fyrir þjónustu í flokki 39 og hefði merkið ekki verið talið hafa nægilegt sérkenni í upphafi þá hefði það öðlast sérkenni fyrir notkun, sbr. 2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 13. gr. vml. Vörumerkið væri einkennandi fyrir starfsemi áfrýjanda og greindi þjónustu hans frá vörum og þjónustu annarra. Byggðist réttur áfrýjanda til merkisins á langri og óslitinni notkun þess og hefði notkun skapað viðskiptavild sem væri nátengd nafninu. Vörumerkið væri því afar verðmætt fyrir áfrýjanda og glataðist slík viðskiptavild ef merkið fengist ekki skráð og myndi það valda áfrýjanda talsverðu tjóni. ELS þyrfti að rökstyðja sérstaklega hvernig merkið væri takmarkandi fyrir aðra aðila á sama viðskiptasviði og væri þar af leiðandi ekki tækt til skráningar þrátt fyrir sannanlega áralanga og athugasemdalausa notkun til að auðkenna ferðaþjónustu. Þá mætti geta þess að á sama tíma og áfrýjandi hefði notað merkið hefði ferðaþjónusta á Íslandi verið í miklum og örum vexti. Ljóst væri að merki áfrýjanda, ICELAND ON YOUR OWN, hefði ekki takmarkað möguleika annarra viðskiptaaðila á sama sviði til að gera grein fyrir sinni vöru eða

[3] Skrán. nr. V0084805, V0087738, V0091712 og V0077504.

þjónustu enda væru engin dæmi þess að samkeppnisaðilar áfrýjanda hefðu reynt að markaðssetja sína þjónustu með sama hætti. Með vísan til alls framangreinds væri byggt á því að merkið ICELAND ON YOUR OWN væri ekki lýsandi og einkaréttur áfrýjanda á merkinu væri ekki takmarkandi fyrir aðra aðila á sama viðskiptasviði. Hins vegar, hefði merkið ekki talist hafa nægjanlegt sérkenni og aðgreiningarhæfi við upphaf notkunar, hefði það öðlast slíkt sérkenni og aðgreiningarhæfi við óslitna notkun þess um árabil. Að lokum ítrekaði umboðsmaðurinn þá kröfu áfrýjanda að mati ELS á skráningarhæfi merkisins yrði hnekkt og að merkið skyldi skráð.

Í greinargerð ELS til áfrýjunarnefndar, dags. 28. september 2017, kom fram að merkinu ICELAND ON YOUR OWN hefði verið hafnað fyrir alla tilgreinda þjónustu í flokki 39, með vísan til þess að orðasambandið væri lýsandi og skorti sérkenni fyrir þá þjónustu sem óskað væri skráningar fyrir. Þá væri orðasambandið talið almenns eðlis og ekki til þess fallið að veita þjónustunni sérkenni í huga almennings, sbr. 1. mgr. 13. gr. vml. Næst voru sjónarmið áfrýjanda rakin, þar á meðal vísun hans til dóma Evrópudómstólsins sem vörðuðu vörumerkin BABY-DRY og DOUBLEMINT. Var tekið fram að merking orðasambandsins ICELAND ON YOUR OWN væri kunn og þýddi m.a. *Ísland á eigin vegum* og ítrekaði stofnunin þá skoðun sína að orðasambandið væri lýsandi fyrir þá þjónustu sem óskað væri skráningar fyrir. Meðal þeirra sjónarmiða sem lægju að baki kröfunni um sérkenni væri að enginn skyldi fá einkarétt á orðum eða orðasamböndum sem aðrir á viðkomandi viðskiptasviði hefðu þörf á að nota. Það væri mat stofnunarinnar að orðasambandið væri þess eðlis að væri einum aðila veittur einkaréttur til þess væri það takmarkandi fyrir aðra aðila á sama sviði. Benti stofnunin á að niðurstaðan í BABY-DRY-málinu hefði ráðist af þeirri staðreynd að um óvenjulega setningarfræðilega orðaröðun væri að ræða sem ekki væri algeng í enskri tungu í tengslum við bleyjur. Að mati ELS fæli merki áfrýjanda ekki í sér óvenjulega orðaröðun enda samanstæði merkið af orðinu ICELAND og orðatiltækinu ON YOUR OWN, sem að mati stofnunarinnar vísaði til þess að þjónustan fæli í sér að ferðamenn gætu ferðast á eigin vegum um Ísland. ELS benti á að svonefnd DOUBLEMINT-viðmið væru aðeins höfð til hliðsjónar við mat á aðgreiningarhæfi og væru ekki tæmandi talin heldur gæti fleira komið til greina við matið. Næst vék stofnunin að þeirri málsástæðu umboðsmanns áfrýjanda að ekkert orðanna í orðasambandinu ICELAND ON YOUR OWN væri lýsandi fyrir ferðaþjónustu í flokki 39. ELS taldi þau vörumerki sem áfrýjandi vísaði til og innihéldu orðin ICELAND eða ICELANDIC ekki vera sambærileg hinu umdeilda merki og hefði það verið mat stofnunarinnar á þeim tíma sem þau merki voru skráð að heildarmynd þeirra, með hliðsjón af þeim vörum og

þjónustu sem óskað hefði verið verndar fyrir, fullnægði kröfunni um sérkenni og aðgreiningarhæfi og takmörkuðu því ekki rétt annarra til að lýsa sinni vöru eða þjónustu. Til að mynda veittu orðhlutinn *ITT* í ITT ICELAND TAYLOR MADE TOURS, *ATLANTA* í AIR ATLANTA ICELANDIC og orðið *FÁKASEL* í ICELANDIC HORSE PARK FÁKASEL þessum merkjum sérkenni. Þá þættu merkin ICELAND IN A BOTTLE, MOVED BY ICELAND og ICELAND IN SIGHT fremur vísbendandi en lýsandi fyrir umrædda þjónustu. Jafnframt benti stofnunin á að merkin ICELANDIC GLACIAL og ICELANDIC BLUE væru aðeins skráð fyrir vörur í flokki 32 og ICELANDIC SMILES aðeins fyrir þjónustu í flokki 44. Þá hefði THE ICELANDIC INVESTMENT BANK verið samþykkt til skráningar á grundvelli framlagðra gagna um notkun merkisins, auk þess sem liðin væru 18 ár frá skráningu þess.

Ljóst væri að framkvæmd og viðmið í vörumerkjarétti hefðu breyst í gegnum árin í samræmi við lagabreytingar, úrskurði áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar, dómaframkvæmd o.fl. Merki sem skráð hefðu verið í tíð hugsanlega annarra viðmiða gætu því ekki verið lögð til grundvallar sem ófrávíkjanleg fordæmi. Varðandi það að áfrýjandi teldi orðasambandið ICELAND ON YOUR OWN þýða *Ísland á þínum eigin* tók ELS fram að þótt vissulega væri þar um eina mögulega þýðingu orðasambandsins að ræða teldi stofnunin að orðatiltækið *on your own* væri almennt þekkt og ekki síst notað í tengslum við ferðaþjónustu eins og sjá mætti við leit á netinu. Merking þess væri að gera eitthvað upp á eigin spýtur eða á eigin vegum. Í ljósi þess að um enskt orðatiltæki væri að ræða teldi stofnunin ekki rétt að leggja beina þýðingu orðasambandsins til grundvallar í þessu máli. Þá þyrfti að mati stofnunarinnar ekki að nota ímyndunaraflið eða skynjun til að tengja merkið við ferðaþjónustu eins og áfrýjandi benti á enda hæglega hægt að ferðast um Ísland á eigin vegum. Varðandi framlögð gögn áfrýjanda um notkun á merkinu tók ELS fram að stofnunin teldi þau sýna fram á notkun merkisins í atvinnustarfsemi skv. 5. gr. vml. en ekki fram á áunnið sérkenni merkisins með notkun í skilningi 2. mgr. 13. gr. vml. fyrir tilgreinda þjónustu í flokki 39. Þegar um væri að ræða lýsandi orðasamband eins og hér væri til umfjöllunar yrði ekki talið að slíkt merki gæti öðlast nægjanlegt sérkenni fyrr en það hefði fengið yfirfærða merkingu með markaðsfestu. Að mati ELS yrði ekki talið að framkomin gögn sýndu fram á að yfirfærð merking hefði átt sér stað í skilningi vörumerkjalaga, þ.e. að mikill meirihluti markhóps þjónustunnar gerði sér grein fyrir því að orðasambandið ICELAND ON YOUR OWN væri vörumerki og þannig viðskiptalegt auðkenni tiltekins aðila, þ.e. áfrýjanda. Um þá kröfu áfrýjanda að ELS rökstyddi sérstaklega að merkið væri takmarkandi fyrir aðra aðila á

sama viðskiptasviði benti stofnunin á að merkið væri lýsandi fyrir þá þjónustu sem um ræddi og tæki áfrýjandi að vissu leyti undir það mat með því að segja að merkið væri einkennandi fyrir starfsemi hans. Orðatiltækið *on your own* væri vel þekkt orðatiltæki, ekki síst í tengslum við ferðaþjónustu, og þegar orðið *iceland* bættist framan við væri að mati stofnunarinnar komin skýr tenging við ferðir, ferðalög og ferðaþjónustu á Íslandi á eigin vegum. Þá væri jafnframt ekki um óvenjulega setningarfræðilega orðaröðun að ræða sem enn frekar hamlaði öðrum viðskiptaaðilum á sama sviði að gera grein fyrir sinni vöru eða þjónustu. Að lokum vísaði ELS til fyrri erinda sinna og ítrekaði að vörumerkið ICELAND ON YOUR OWN skorti sérkenni og aðgreiningarhæfi fyrir tilgreinda þjónustu í flokki 39.

Niðurstaða:

III.

Í máli þessu er deilt um hvort vörumerki áfrýjanda ICELAND ON YOUR OWN (orðmerki), sbr. umsókn nr. 2973/2014, hafi til að bera nægjanlegt sérkenni til að auðkenna flutninga; pökkun og geymslu á vörum; ferðaþjónustu í flokki 39 í skilningi 1. mgr. 13. gr. vml.

Meginhlutverk vörumerkja er að greina vörur eða þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annarra, sbr. 2. gr. vml. Vörumerki sem teljast lýsandi uppfylla ekki skilyrði 13. gr. vml. og hið sama á við um tákn eða orðasambönd sem teljast algeng í viðskiptum eða eru notuð í daglegu máli. Smávægilegar breytingar eða viðbætur á slíkum merkjum breyta engu um sérkenni þeirra. Skilyrðið um aðgreiningarhæfi og sérkenni byggist annars vegar á því að lýsandi merki eru ekki til þess fallin að greina vörur eða þjónustu eiganda merkis frá vörum/þjónustu annarra og hins vegar á því að enginn skuli fá einkarétt á orðum sem aðrir á viðkomandi sviði viðskipta hafi þörf á að nota.

Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. vml. er það skilyrði skráningar vörumerkis að það sé til þess fallið að greina vörur og þjónustu eiganda frá vörum og þjónustu annarra. Þá er kveðið á um að merki, sem eingöngu eða aðeins með smávægilegum breytingum eða viðbótum, gefa til kynna m.a. tegund vöru/þjónustu, ástand, magn, notkun, verð, uppruna eða hvenær vara var framleidd eða þjónusta látin í té skuli ekki telja nægjanlegt sérkenni. Sama á við um tákn eða orðasambönd sem teljast algeng í viðskiptum eða eru notuð í daglegu máli.

Við mat á því hvort merki hafi nægjanlegt sérkenni til að bera þarf að meta hvert tilvik fyrir sig og aðstæður allar, t.d. hvers konar vöru eða þjónustu merki er ætlað að auðkenna og fyrri notkun. Því er ekki sjálfkrafa unnt að byggja á eldri fordæmum eða mati á öðrum merkjum. Þá getur orðmerki á erlendu tungumáli skort sérkenni hér á landi ef það er tungumál sem má gera ráð fyrir að þorri almennings þekki eins og t.d. enska.

Orðmerki áfrýjanda ICELAND ON YOUR OWN er sett saman úr fjórum orðum og er á ensku. Í *Snöru veforðabók*[4] er orðasambandið *on one's own* þýtt á íslensku sem *einn* eða *aleinn, á eigin spýtur* eða *sjálfstætt, á eigin vegum, af eigin rammleik* eða *einn á báti*. Á íslensku mætti því þýða orðasambandið til dæmis sem *Ísland á eigin vegum, Ísland á eigin spýtur* eða mögulega *Ísland einn á báti*.

Rétt er að líta til þess hvernig Evrópudómstóllinn hefur metið það hvort merki teljist lýsandi, sbr. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/95/EB um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki (áður tilskipun 89/104/EBE), þar sem mismunandi túlkunaraðferðir gætu leitt til þess að frjáls flutningur vöru og þjónustu yrði torveldaður á EES-svæðinu. Þeir dómar dómstólsins sem fjalla um mat á því hvort vörumerki teljist lýsandi og skorti sérkenni eru m.a. BABY-DRY dómurinn og DOUBLEMINT dómurinn.[5] Í hinum fyrrnefnda var niðurstaðan sú að orðasambandið BABY-DRY væri ekki og gæti ekki verið notað í almennu máli sem lýsing á bleyjum miðað við eðlilega orðnotkun enskumælandi manna. Lögð var áhersla á það í málinu að merki gæti talist uppfylla kröfuna um sérkenni ef samsetning þess væri ekki eingöngu lýsandi fyrir þær vörur eða þjónustu sem merkið ætti að auðkenna. Í þeim síðarnefnda var hins vegar kveðið á um að ef orðmerki byggðist á orðum eða orðasamsetningu sem væru í raun lýsandi fyrir eiginleika vöru eða þjónustu, miðað við almenna orðnotkun, þá uppfylltu þau ekki skilyrðið um sérkenni þó svo að túlka mætti orðasambandið á mismunandi vegu. Ekki skipti máli í því sambandi þó orðasambandið væri ekki notað í daglegu máli sem lýsingarorð, heldur var áherslan á að möguleiki væri á að það gæti verið notað sem slíkt. Við meðferð DOUBLEMINT málsins voru skilgreind þrjú viðmið við mat á því hvort orðmerki teldist lýsandi eða ekki. Í fyrsta lagi bæri að líta til þess hvort orðmerkið væri líklegt til að vera notað sem almenn lýsing á viðkomandi vörum eða ekki; í öðru lagi hvort orðasambandið væri venjubundin orðnotkun sem notuð væri til að lýsa ákveðnum

[4] www.snara.is
[55] C-383/99 og C-191/01.

eiginleikum vöru eða þjónustu, þ.e. hversu fljótt menn gætu áttað sig á því til hvaða eiginleika vöru væri verið að vísa þegar viðkomandi orðasamband væri notað, og í þriðja lagi bæri að taka mið af því hversu mikilvægir viðkomandi eiginleikar væru fyrir vöruna eða þjónustuna sem merkið ætti að auðkenna.

Hið umdeilda merki ICELAND ON YOUR OWN samanstendur af orðum sem eru almenns eðlis en samsetning þeirra er þó ekki hefðbundin og geta síðustu þrjú orð þess haft fleiri en eina merkingu. Sé viðmiðum DOUBLEMINT dóms Evrópudómstólsins beitt á orðasambandið verður að telja að það sé ekki notað sem almenn lýsing á þeirri þjónustu sem það á að auðkenna, það feli ekki í sér venjubundna orðnotkun sem lýsi ákveðnum eiginleikum þjónustunnar auk þess sem þeir eiginleikar sem orðasambandið kann að vísa til, þ.e. að vera sjálfstæður eða einn á báti, séu ekki endilega mikilvægir eiginleikar fyrir umrædda þjónustu.

Að virtu framangreindu og heildarmynd merkisins er það niðurstaða áfrýjunarnefndar að merki áfrýjanda geti vakið hugrenningartengsl við ferðaþjónustu eða ferðalög og sé því hugsanlega vísbendandi fyrir slíka þjónustu en ekki lýsandi. Að mati nefndarinnar hefur merkið til að bera nægjanlegt sérkenni til að aðgreina þjónustu eiganda þess frá vörum og þjónustu annarra enda tryggir 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. vml. að eigandi vörumerkis geti ekki hindrað að aðrir geti í samræmi við góða viðskiptahætti notað í atvinnustarfsemi sinni lýsingar á tegund vöru eða þjónustu, ástandi, magni, notkun, verði, uppruna, hvenær vara er framleidd eða þjónusta boðin fram eða á öðrum eiginleikum vöru eða þjónustu.

Úrskurð þennan kváðu upp Selma Hafliðadóttir, formaður áfrýjunarnefndar, Haukur Freyr Axelsson lögmaður og Margrét Sigurðardóttir lögfræðingur.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun ELS frá 24. mars 2017 um að synja um skráningu á vörumerkinu ICELAND ON YOUR OWN (orðmerki), sbr. umsókn nr. 2973/2014, er hrundið.

Selma Hafliðadóttir

Haukur Freyr Axelsson

Margrét Sigurðardóttir